**Ed.** **130. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Skilyrði fyrir kosningarrjetti i málefnum sveita og kaupstaða eru nú

samkvæmt 1. gr. laga nr. 43, 15. júni 1926, hin sömu sem fyrir kosningarrjetti til Alþingis, að búsetuskilyrðum frátöldum. Jeg tel ekki rjett að gera neina breytingu á þessu, og ræð því til, að frumv. verði felt.

Alþingi, 9. febr. 1928.

Jón Þorláksson.